



Akraneskaupstaður

FUNDARBOÐ

**1386. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 9. janúar 2024 og hefst kl. 17:00**

Almenn erindi

1. 2209234 - Deiliskipulag Krókalón - Krókatún 18, stækkun íbúðarhúss

Umsókn lóðarhafa um niðurrif á núverandi bílskúr og að reisa í stað hans viðbyggingu við núverandi íbúðarhús, allt að 76 fm á einni hæð. Nýju bílastæði verður komið fyrir við lóðarmörk Krókatúns 20 og byggingarreitur er stækkaður til vesturs. Heildarbyggingarmagn innan lóðar verður allt að 240 fm sem er aukning um 48,8 fm. Nýtingarhlutfall verður 0,48.

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010. frá 7. nóvember til 7. desember 2023 fyrir lóðarhöfum að Krókatúni nr. 9, nr. 11, nr. 13, nr. 14, nr. 15, nr. 16 og nr. 20. Þrjú samþykki bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni er í höndum lóðarhafa.

2. 2207007 - Deiliskipulag Breiðarsvæði - Bárugata 15, breyting

Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis vegna lóðarinnar Bárugötu 15 var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 11. maí til og með 22. júní 2023. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun óbreytt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 2203103 - Deiliskipulag Akratorgsreitur - umsókn um breytingu á Heiðargerði 22

Umsókn lóðarhafa Lyngháls 1 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Akratorgreits vegna lóðarinnar nr. 22 við Heiðargerði. Deiliskipulagsbreytingin er unnin af Sigurbjörgu Helgu Gunnbjörnsdóttur skipulagsfræðingi, dags. 5.6.2023. Í breytingunni felst breyting á atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, gert er ráð fyrir 6 íbúðum á einni hæð í núverandi byggingu, íbúðir verða frá 42 fm til 120 fm. Núverandi form útveggja og þak heldur sér en ný klæðning verður sett utan á húsið og breytingar gerðar á gluggum og hurðum.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 14. nóvember til 14. desember 2023 fyrir lóðarhöfum við Merkigerði nr. 12, nr. 16 og nr. 18, Heiðargerði nr. 19, nr. 20, nr. 21, nr. 24 og Kirkjubraut nr. 19, nr. 21 og nr.23.

Þrjár athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna lóðarinnar Heiðargerði 22 verði samþykkt. Jafnframt leggur ráðið til að greinargerð skipulagsfulltrúa, sem svar við athugasemdum sem bárust við deiliskipulagsbreytinguna, verði samþykkt sem svör bæjarstjórnar við innsendum athugasemdem.

Fundargerðir til kynningar

4. 2301004 - Fundargerðir 2023 - skóla- og frístundaráð

230. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 20. desember 2023.

5. 2401004 - Fundargerðir 2024 - skóla- og frístundaráð

231. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 3. janúar 2024.

6. 2301003 - Fundargerðir 2023 - velferðar- og mannréttindaráð

216. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. desember 2023.

7. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfisráð

286. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 4. janúar 2024.

8. 2301016 - Fundargerðir 2023 - SSV

178. fundargerð stjórnar SSV frá 29. nóvember 2023.

9. 2301031 - Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

940. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15. desember 2023.

09.01.2024

Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri.